

Áveitan

11. tbl. 9. árgangur. Nóvember 2015

Stofnfundur Ungmennafélagsins Þjótanda

Stofnfundur Ungmennafélagsins Þjótanda í Flóahreppi mun fara fram mánudagskvöldið 16. nóvember kl 20:30 í Félagslund.

Nýja ungmennafélaginu er ætlað að taka við verkefnum félaganna Umf. Baldurs, Umf. Samhygðar og Umf. Vöku sem hingað til hafa starfað í hreppnum. Það er okkar von að nýtt félag skapi betri vettvang fyrir hverskyns félags- og íþróttastarf í sveitarfélaginu. Við hvetjum alla, jafnt unga sem aldna, til að mæta á þennan sögulega fund og verða þar með stofnfélagar í nýju ungmennafélagi.

Á fundinum mun undirbúningsnefnd leggja fram tillögu að bráðabirgðastjórn sem mun starfa fram að fyrsta aðalfundi félagsins, en hann mun fara fram í byrjun næsta árs.

Við óskum hér með eftir fólki sem hefur áhuga á að taka sæti í þessari fyrstu stjórn eða nefndum félagsins og taka þátt í uppbyggingarstarfi nýs félags. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband við formenn ungmennafélaganna fyrir 8. nóvember næstkomandi:

Stefán- stegeir@hotmail.com,

Guðmunda- gudmunda89@gmail.com

Baldur- ballroq@hotmail.com.

Þar sem búið verður að stilla upp bráðabirgðastjórn fyrir fundinn þarf enginn að óttast það að vera kosinn óvænt í stjórn.

Undirbúningsnefnd



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Bið ykkur að athuga að íbúafundur vegna aðalskipulagsins hefur verið færður aftur til **23. nóvember**. Húsið opnar klukkan 19:30 og verður gefinn tími til klukkan 20.00 til þess að skoða kort og önnur gögn sem liggja fyrir vegna aðalskipulagsvinnunnar.

Fundarefni verður:

„Vinna við aðalskipulag kynnt, farið yfir landnotkunarþætti og hvaða atriði eru skoðuð á mismunandi sviðum. Farið yfir lýsinguna á aðalskipulaginu.

Vinnustöð verður á fundinum þar sem fólk getur sest niður með ráðgjafa og skoðað gögn og komið á framfæri ábendingum.

Umræður og ábendingar frá íbúum ræddar.“

Fundurinn verður nánar auglýstur þegar nær dregur.

Fjárhagsáætlun

Vinna við fjárhagsáætlanagerð hefur nú staðið yfir í nokkurn tíma og verður áætlunin lög fram til fyrri umræðu 4. nóvember. Ekki hefur farið fram hjá neinum sem fylgist með fjölmiðlaumræðu að sveitarfélög eru mörg hver að glíma við misstór göt sem stoppa þarf upp í og yfirfærsla á málaflokki fatlaðra hefur aukið veltu þeirra. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að hlutfall vaxta og fjármagnkostnaðar í fjárhagsáætlun Flóahrepps vegur hlutfallslega ekki þungt miðað við önnur sveitarfélög og er það vel. Hér hefur fjárhagnum verið stýrt af ábyrgð og varfærni sem verður til þess að þær tekur sem falla til þurfa í minna mæli en víðast hvar, að renna til banka og fjármálastofnana en nýtast í staðinn til reksturs og uppbyggingar heima fyrir. Þannig er stefnt að því að reka sveitarfélagið áfram.

Hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómsundaiðkunar - umsóknarfrestur til 1. desember.

Eins og undanfarin ár veitir Flóahreppur hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómsundaiðkunar. Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslna eru eftirfarandi:

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6 - 18 ára sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur.

Skilyrt er að um sé að ræða skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur.

Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar, skátastarf og einkatíma í tónlistarnámi sem ekki er þegar niðurgreitt af Flóahreppi.

Tónlistarnám sem niðurgreitt er af Flóahreppi og líkamsræktarkort falla ekki undir niðurgreiðslu æfingagjalda.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og **fyrir 1. desember fyrir hverja haustönn.**

Styrkir verða greiddir út eigi síðar en 15. júní og 15. janúar ár hvert.

Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

Frá kvenfélögunum í Flóahreppi: -Veglegur kökubasar-

Laugardaginn 5. desember kl. 13.00-17.00 verður haldinn veglegur kökubasar í Þingborg. Þar munum við kvenfélagskonur verða með á boðstólum margar gerðir af kökum og tertum sem alla langar að kaupa og borða, t.d. verða jólasníkötur, tertur, lagtertur, flatkökur, sultur o.fl.

Ágóðinn af basarnum, sem og ágóðinn af innkaupapokasaumnum verða gefin til góðs málefni, sem nánar verður greint frá síðar.

Við vonumst til að sjá sem flesta, og að þið hjálpið okkur að styrkja góð málefni.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps

Kvenfélag Hraungerðishrepps

Kvenfélag Villingaholtshrepps

Fréttir frá Krakkaborg

Starfið í leikskólanum Krakkaborg hefur farið vel af stað í haust. Nú eru 41 nemandi við leikskólann og 16 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum. Eftir áramót fjölgar svo nemendum og gert er ráð fyrir að þeir verði 46 í vor. Framkvæmdir við leikskólann í sumar gengu vel og er nú búið að ganga frá bílastæðum og lóð skólans.

Krakkaborg er eins og áður skipt í þrjár deildir, Krummadeild þar sem eru 18 nemendur fæddir 2010 og 2011, Ugludeild þar sem eru 14 nemendur fæddir 2012 og 2013 og svo Lóudeild þar sem eru 9 nemendur fæddir árið 2014.

Starfið í Krakkaborg er fjölbreytt og leggur starfsfólk áherslu á að vera með faglegt starf og að koma á móts við hvern og einn nemanda á þeirra forsendum. Í hverri viku fara nemendur m.a. í skipulagðar hreyfistundir í íþróttasalnum í Þingborg, málörvun, myndlist, tónlist og margt fleira. Að auki fara eldri nemendur í textílmennit, ART, skólaheimsóknir í Flóaskóla og vinna að forvarnarverkefningu um Loga og Glóð í samstarfi við Brunavarnir Árnassýslu. Frjáls leikur er svo grunnurinn að leikskólastarfinu því í gegnum hann læra börnin helst.

Við brjótum upp hefðbundið starf reglulega og í haust erum við t.d. búin að vera með hjóladag, dótadag og furðufataball. Við höldum Bleikan dag hátíðlegan, höldum upp á alþjóðlega bangsadaginn og fögnuðum hrekkjavöku. Í september fengu nemendur á Krummadeild danskennslu frá Dansskóla Jóns Pétur og Köru, við höfum nýtt fallega haustdaga til að kveikja upp í bálstæðinu okkar og grilla brauð og svo mætti lengi telja. Í október voru svo foreldraviðtöl í leikskólanum og nemendur Krummadeildar fóru í sína árlegu menningarferð á Selfoss þar sem þau heimsóttu m.a. lögreglustöðina og Björgunarmiðstöðina.

Samstarf Krakkaborgar og Flóaskóla er með hefðbundnu sniði í ár. Nemendur í 1. Bekk Flóaskóla komu í heimsókn til okkar í Krakkaborg í september. Elsti árgangur Krakkaborgar fór svo í heimsókn í Flóaskóla í október og fer aftur nú í nóvember. Eftir áramót verða heimsóknirnar svo tvisvar í mánuði. Í þessum heimsóknum kynnast nemendur leikskólans starfinu í Flóaskóla, nemendum og starfsfólki. Þeir taka þátt í verkefnavinnu með 1. bekk, prófa hinar ýmsu námgreinar, fara í mat í mötuneytinu í Þjórsárveri o.s.frv. Samstarfinu lýkur svo með vorskóla í maí en þá fara leikskólakrakkarnir í Flóaskóla í heila viku, prófa skólabílana, fara í skólasund og fleira.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepss færði Krakkaborg á dögnum gjöf. Um er að ræða þrjú þríhjól að andvirði 100.000 kr. Hjólin eru hönnuð og

smíðuð með leikskólanotkun í huga og koma sér svo sannarlega vel, sérstaklega nú þegar búið er að opna hjólasvæðið fyrir framan leikskólann. Þökkum við kvenfélaginu kærlega fyrir þessa góðu gjöf.

Framundan er svo skemmtilegur tími þar sem það styttist í jólaundirbúning í leikskólanum. Nemendur búa til jólagjafir handa foreldrum sínum, við höldum föndurdag fjölskyldunnar og fáum til okkar leikritið Grýla og jólasveinarnir eftir Þórdísi Arnljótsdóttur. Jólballið verður svo á sínum stað í desember.

Starfsfólk leikskólans mun leggja land undir fót í lok nóvember og fara í námsferð til Brighton. Þar fer starfsfólkið á námskeið í notkun Numicon kubba með leikskólabörnun, fer á Mindfulness (Núvitundar) námskeið og heimsækir leikskóla sem sérhæfir sig í útinámi og listsköpun leikskólabarna. Til að fjármagna ferðina er starfsfólk með happdrættismiða til sölu og eru vinningarnir ekki af verri endanum. Má þar m.a. nefna matarveislur, minkagildur, egg, gjafabréf í ýmsar verslanir á Suðurlandi, skart, þrjónavörur og listaverk. Þeir sem vilja fá miða geta haft samband í gegnum tölvupóst á netfangið halla@floahreppur.is, Miðaverð er 1500 kr og dregið verður laugardaginn 14. nóvember.

Fleiri fréttir af leikskólastarfinu er að finna á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn.is/krakkaborg.

Með kveðju,
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Glímufréttir:

Glímuæfingar

Glímuæfingar fyrir eldri iðkendur eru í Félagslundu á fimmtudagskvöldum. Æfingarnar hefjast kl. 20.00 og standa í 1,5 klst. Opnar öllum 12 ára og eldri, reyndum sem óreyndum. Þjálfari er Stefán Geirsson, nánari upplýsingar í síma 8676907.

Áætlað er að fara af stað með glímukynningar í tengslum við skólaíþróttir og æfingar ungmennafélaganna fyrir alla aldurshópa á næstu vikum.

Fjórðungsglíma Suðurlands

Laugardaginn 21. nóvember verður haldin Fjórðungsglíma Suðurlands á Hvolsvelli. Mótið hefst kl. 12:00 og er keppt aldursflokkum frá 11 ára og upp úr.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Kæru kvenfélagskonur!

Veronika í Túni býður okkur til samverustundar heima hjá sér þriðjudagskvöldið 17. nóvember kl. 20:00. Að venju verður fjáröflunarvarningur til sýnis og sölu. Heitt verður á könnunni en við tökum með okkur eitthvað meðlæti. Sjáumst sem flestar og eigum saman notalega kvöldstund.

Kveðja, stjórnin

Föndurkvöld

Kvenfélag Hraungerðishrepps stendur fyrir föndurkvöldi með léttu ívafi mánudagskvöldið 30. nóvember kl. 20:00 í Þingborg. Þá mun Unnur Kolbrún Karlsdóttir koma og vera með sýnikennslu á einföldu jólaföndri og servettubroti. Hún verður með jólakort frá Bergmáli til sölu. Allir hjartalega velkomnir.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Ingibjörgu í síma 691-7082.

Hraðmót HSK í blaki kvenna

Keppnislið Þjótanda átti í fyrsta sinn keppnislið í blaki kvenna á HSK móti þegar þær kepptu á Hraðmóti HSK sem fram fór á Flúðum 13. október síðastliðinn. Tíu lið mættu til leiks og vegna fjölda liða var spilað eftir monrad kerfi líkt og í skákinni. Þjótandakonur náðu að standa vel í liðunum sem þær kepptu við en náðu þó ekki að sigra neina viðureign að þessu sinni. Þessi ferð Þjótandakvenna mun svo sannarlega fara í reynslubankann og vonandi að blaklið Þjótanda muni halda áfram að senda lið á mót.

Fyrir áhugasama þá æfir liðið í Þingborg á þriðjudagskvöldum frá kl. 20-21:15. Allar hressar konur velkomnar að slást í hópinn.

Línudansaball

Þann 24. nóvember nk. verðum við hjá Dönsum á Selfossi með línudansaball í Hliðskjálfi (félagsheimili hestamanna á Selfossi) klukkan 19–23. Allir velkomnir.

Dönsum á Selfossi

Prjónakvöld í Þjósárveri

Sælar allar konur. Við ætlum að halda áfram með prjónakvöldin okkar í Þjósárveri nú í nóvember. Hittumst kl. 20:30 þriðjudagskvöldin 10. nóvember og 24. nóvember. Höfum með okkur einhverja handavinnu og góða skapið. Allar konur hjartanlega velkomnar í hópinn.

Prjónanefnd Kvenfélags Villingaholtshrepps

Frá Umf. Baldri:

Þorablót

Þorablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið í Þingborg laugardagskvöldið 6. febrúar 2016. Geirmundur Valtýsson og hljómsveit munu mæta með skagfirsku sveifluna og spila fyrir dansi að loknu þessu hefðbundna, mat og skemmtiatriðum. Endilega merkið við daginn á dagatalinu. Nánar auglýst með hefðbundnum hætti þegar nær dregur.

Frá Umf Vöku – Árgjald

Ég vil minna félagsmenn á að greiða árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2015. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 1000 kr í ár. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845- 9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir,
gjaldkeri Umf. Vöku

Pistillinn

Takk fyrir áskorunina kæra Eydís. Mér finnst eins og ég hafi skrifað pistil í Áveituna í gær en það eru víst komin tvö ár síðan. Svona líður tíminn án þess að maður fái nokkuð um það ráðið. Allt í einu á maður orðið barn í skóla og svo tvö til viðbótar. Það virðist tilheyra sveitalífinu, að minnstakosti í þessari sveit, að vera með barnaskara í kringum sig.

Að búa í sveit þ.e. í þessari sveit er eitthvað sem ég hef leitt hugann að undanfarna daga og vikur. Þegar ég flutti í Forsæti í febrúar 2009 þá voru malbiks vinir okkar hjónanna mikið undrandi. Við fengum að heyra setningar á borð við: „og hvað ætlið þið bara að búa þarna og hvað ætli þið að gera?“ Okkur þótti þessar spurningar hlægilegar á þeim tíma. Á meðan ég sá fyrir mér rómantíkina við að búa í sveit fjarri ys og þys bæjarlífsins þá voru vinir okkar heldur betur undrandi á þessari ákvörðun okkar. Ég hef alltaf talið kostina við að búa hér fleiri en gallana. Nálægðin við Selfoss fannst mér vera mikill kostur þar sem ekki þarf að keyra ýkja langt til að útrétta það helsta.

Þegar börnin stækka breytast þarfir barnanna. Ég verð að viðurkenna að það er eitthvað sem ég hafði ekki hugsað út í fyrir barneignir og fyrir þá ákvörðun að flytja í þessa sveit. Þegar maður á orðið barn í skóla þá bætast við kröfur eins og að æfa íþróttir og eða aðrar tólmstundir. Þá eru góð ráð dýr, hvað er í boði í sveitafélaginu? Það eru frjalsar og svo tónlistaskóli upp að vissum aldri. Barnið var því skráð í frjalsar sem er í boði á skólatíma einu sinni í viku. Þar sem þátttaka var meiri en unnt var að taka við þá var því miður ekki hægt að taka börn úr 1. bekk. Hvað er þá í boði? Jú við getum keyrt barnið tvisvar til þrisvar sinnum í viku 23 km aðra hvora leið á Selfoss (þá miðað við að keyrt sé að heiman). Eins og flestir vita hafa tímarnir breyst og starfa margir utan heimilis. Hvað gera þeir foreldra sem starfa utan heimilis og hafa ekki kost á að keyra barnið á Selfoss á þeim tímum sem tólmstundirnar eru. Það eru einhver börn sem geta tekið Selfoss skólabílinn á Selfoss en þau börn sem eiga föst sæti í þeim bíl ganga fyrir og því ekki víst að hin börnin komist með. Þá spyr maður sig hvort að nálægðin við Selfoss sé orðin ókostur frekar en kostur? Væri eitthvað fleira í boði í sveitafélaginu ef við værum

fjær? Allt kostar þetta peninga og tíma. Foreldrar eru nú þegar að keyra með börn á Selfoss svo útgjöldin eru þegar til staðar á mörgum heimilum. Á öðrum heimilum langar börnin á æfingar en foreldrar hafa ekki tök á að koma þeim þangað. Það gæti því verið hagur fyrir alla að hafa sameiginlega frístundarútu eða auka við þjónustuna hér t.d. með að bæta við þjálfara. Ég vil því hvetja sveitastjórn til að skoða þessi mál með opnum hug og gæti fyrsta skrefið verið að skoða hug íbúa til þessarar þjónustu.

Þetta er það sem liggur mér á hjarta þessa dagana en þrátt fyrir það nýt ég þess að vera í fæðingarorlofi og þessara fallegu haust daga sem við höfum fengið.

Ég vil skora á vinkonu mína hana Rósu Matthíasdóttur, í Hraunmörk að koma með næsta pistil.

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir

MENNINGAR- OG SKEMMTIFERÐ 2015

Ágætu konur í gamla Gaulverjabæjarhrepp, munið menningarferðina sem verður farin 28. nóv. 2015. Ferð sem engin má missa af. Nánar auglýst síðar.

Skemmtinefnd Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.

Haughræra til sölu

Til sölu er haughræra Búnadarfélags Villingaholtshrepps, sú eldri. Áhugasamir kaupendur hafi samband við Reyni í síma 898-0929 fyrir 15. nóvember.

Stjórnin

Týnd hross

Í Kolsholtshelli vantar tvö hross, mæðgurnar Emmu frá Kolsholtshelli (brún) og Súsönnu frá Kolsholtshelli (bleikálótt).

Ef þið verið vör við þær vinsamlegast látið okkur vita í síma 896 57 13

Brynjólfur og Pia

Lumar þú á mynd innan úr baðstofu?

Það er ekki nema rúmlega mannsaldur síðan þorri Íslendinga bjó í baðstofum. Þessi húsakynni voru aðal íveruhús torfbæjanna og meginumgjörðin fyrir daglegt líf íbúanna. Baðstofan var löngum vaggja íslenskrar menningar og hún sjálf, sem hjarta gömlu torfbæjanna, eitt merkasta menningarframlag Íslendinga og norðurhjarans. Allmargir núlifandi Íslendingar hafa haft beina reynslu af baðstofulífinu og muna enn þessar einstöku og fallegu stofur.

Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi, (www.islenskibaerinn.is) er stofnun sem hefur það að meginmarkmiði að rannsaka og sýna margvíslegar hliðar á torfbæjararfinum. Þessi stofnun hefur verið í uppbyggingu áratugum saman og á síðasta ári var opnuð í nýjum sýningarsal all yfirgripsmikil sýning um íslenska torfbæjararfinn, sýning sem er mikilvægur áfangi frekari uppbyggingar, rannsókna og sýningarhalds.

Um þessar mundir er að hefjast undirbúningur að yfirlitssýningu og bókarútgáfu þar sem sjónum verður sérstaklega beint að baðstofunni. Markmið þessa verkefnis er að safna saman öllum þekktum og tiltækum myndum sem til eru innan úr baðstofum. Til þessara mynda teljast allar myndir; teikningar, málverk og sérstaklega ljósmyndir sem sýna baðstofurýmið eða einhvern hluta þess.

Mjög fáar myndir eru til innan úr íslensku baðstofunni. Á blómatíma þeirra voru ljósmyndavélar tiltölulega fágætar og birtuskilyrði óhagstæð þáverandi ljósmyndataekni. Nokkrar þekktar myndir eru þó til af íslensku baðstofunni. En mjög líklega gætu enn leynst góðar myndir hjá einstaklingum víðsvegar um land sem ástæða væri til að skoða og koma á framfæri í réttu samhengi. Hér með leitum við hjálpar almennings. Fólk sem sér þennan pistil, á eða veit um mynd eða lýsingu af baðstofu er vinsamlega beðið að hafa samband við Hannes Lárusson: islenskibaerinn@islenskibaerinn.is síma 694-8108 eða Guðmundu Ólafsdóttur: quo22@hi.is síma 846-9775.

Öll úrvinnsla myndefnis og upplýsinga verður í samræmi við bestu hefðir. Verkefni þetta er samstarfsverkefni Íslenska bæjarins og Guðmundu Ólafsdóttur nemenda í safnafræði og er þessi myndasöfnun jafnframt hluti af lokaritgerð hennar í safnafræði.

Frá Hraungerðis-Laugardæla og Villingaholtskirkjum

Eftirfarandi er messuplan fyrir kirkjurnar okkar veturinn 2015-2016. Við hlökkum til að sjá ykkur við messugjörð í vetur, en minnum á að einnig er messað í Selfoskirkju alla sunnudaga kl. 11.00 og á sama tíma er sunnudagaskóli.

- **8. nóv.** 23. sd. e. trin: Hraungerðiskirkja kl. 13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
- **29. nóv. 1.sd.** í aðventu Aðventustund í Villingaholtskirkju kl. 15:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
- **13. des. 3.sd.** í aðventu Aðventustund í Hraungerðiskirkju kl. 16:00. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir.
- **25. des.** jóladagur: Hraungerðiskirkja hátíðarmessa kl. 11:00. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir.
- **26. des.** 2. jóladagur: Villingaholtskirkja hátíðarmessa kl. 11:00 og Laugardælakirkja hátíðarmessa kl. 13:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
- **24. jan.** Villingaholtskirkja kl. 13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
- **14. feb.** Hraungerðiskirkja kl. 13:30. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir.
- **24. mars** skírdagur Laugardælakirkja kl. 13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
- **27. mars** páskadagur Hraungerðiskirkja kl. 11:00. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir.
- **28. mars** 2. páskadagur Villingaholtskirkja kl. 11:00. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir.
- **10. apríl** Hraungerðiskirkja kl. 13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
- **15. maí** hvítasunnudagur Hraungerðiskirkja kl. 13:30, fermingarmessa.
- **16. maí** 2. hvítasunnudagur Villingaholtskirkja kl. 13:30, fermingarmessa.
- **22. maí** Þrenningarhátíð Laugardælakirkja kl. 13:30.

Við eigum samleið

Föstudagskvöldið 6. nóvember lýkur Tónhátíð á stórtónleikum í Félagslundum undir yfirskriftinni *Við eigum samleið*. Þá munu þau Guðrún Gunnarsdóttir, Sigríður Beinteinsdóttir og Jógvan Hansen flytja íslenskar dægurflugur við undirleik hljómsveitar. Þetta er söngdagskrá sem flutt hefur verið af þessu þríeyki í Salnum í Kópavogi og selst upp á skömmum tíma. Húsið opnað kl. 20:00, tónleikar hefjast kl. 20:30. Léttar veitingar seldar á staðnum. Forsala miða hjá Ingu í síma 691 7082 og Kristínu í síma 692 8565. Miðinn kostar 3.500 kr.

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	5. nóvember
Við eigum samleið í Félagslundum	6. nóvember
Messa í Hraungerðiskirkju	8. nóvember
Þrjónakvöld í Þjórsárverum	10. nóvember
Glímuæfing	12. nóvember
Stofnfundur Umf. Þjótanda	16. nóvember
Samverustund Kvenfélag Hraungerðishr.	17. nóvember
Glímuæfing	19. nóvember
Fjórðungsglíma Suðurlands	21. nóvember
Íbúafundur vegna aðalskipulags	23. nóvember
Þrjónakvöld í Þjórsárverum	24. nóvember
Línudansaball í Hliðskjálfi	24. nóvember
Glímuæfing	26. nóvember
Menningarferð Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	28. nóvember
Aðventustund í Villingholtskirkju	29. nóvember
Föndurkvöld Kvenfélag Hraungerðishr.	30. nóvember
Sækja um hvatagreiðslur	1. desember
Kökubasar í Þingborg	5. desember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160